



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

HVERNIG LÍÐUR ÞÉR?

Kæru nemendur og forráðamenn



Í þessu tölublaði Flórgoðans er farið dýpra í könnun okkar á líðan nemenda í skólanum. Þar eru dregnar fram tölulegar niðurstöður úr könnuninni.

Margt áhugavert kemur fram. Úrvinnsla og eftirfylgni fór strax af stað. Vinna með ákveðna bekki, nemendur og forráðamenn þeirra er í fullum gangi þar sem slíkt var aðkallandi.

Mikilvægt er að forráðamenn fari yfir þessar upplýsingar ásamt börnum og ræði það sem betur má fara.

Það má heldur ekki gleyma því að mikill meirihluti nemenda stendur sig frábærlega í skólanum. Stundar nám sitt

samviskusamlega, sýnir háttvísi og gott fordæmi. En við eigum aldrei að sætta okkur við vanlíðan skólafélaga okkar. Allir eiga rétt á því að fá vinnufrið og finna til vellíðunar í skólanum.

Við eigum aldrei að þreytast á því að velta því fyrir okkur hvernig börnum okkar líður í skólanum. Spurningar eins og "hvernig gekk í skólanum í dag" og "hvað var skemmtilegast í skólanum í dag" skapa ávallt umræðu um skóladaginn. Gjarnan skapast umræða um einstök atvik í skólastofunni eða á leikvöllinum, sem viðkomandi tók þátt í eða varð vitni að.

Í framhaldi er hægt að velta því fyrir sér hvort leyst hafi verið úr málum af sanngirni og allir sýnt umburðarlyndi og skilning.

Skóladagatal fyrir skólaárið 2004-2005 er nú í fullri vinnslu. Dagatalið hefur verið til umsagnar hjá kennurum og foreldraráði og verður í kjölfarið sent fræðsluráði. Forráðamenn fá dagatalið sent heim með vorinu, þegar það hefur verið samþykkt í fræðsluráði.

Ljóst er að breytingar verða gerðar á námsmáti fyrir næsta skólaár. Horfið verður frá hefðbundnum prófdögum að mestu og þess í stað tekið upp simat í ríkari mæli en áður. Undirbúningur slíks mun hefjast með teymisvinnu í vor.

Í marsmánuði eru menningardagar í skólanum. Skipuð hefur verið nefnd þriggja starfsmanna skólans til skipulagningar og vinna hafin í öllum árgöngum og deildum. Gaman væri ef foreldrar sýndu undirbúningi áhuga og allar hugmyndir vel þegnar um uppákomur og þess háttar. Víst er að í hópi forráðamanna er margt listamennið sem gæti frætt nemendur með heimsóknum í bekki eða á sal skólans. Gerum menningardagana eftirminnilega og velheppnaða líkt og á síðasta skólaári.

Leifur S. Garðarsson
Skólástjóri

Á döfinni

25. febrúar
Öskudagur

26. febrúar
Vetrarfri

27. febrúar
Vetrarfri

16.-18. mars
Menningardagar

3. apríl
Páskafrí hefst

14. apríl
Kennsla hefst eftir
páskaleyfi

22. apríl
Sumardagurinn fyrsti

Polinmæði er dygð febrúarmánaðar

Sköpunargleði er dygð marsmánaðar

Aðgangsorð mentor.is

Á skólakynningum í haust var fjallað um aðgengi forráðamanna að mentor.is.

Þar geta forráðamenn nálgast upplýsingar er varða skólagöngu barna sinna gegn sérstöku lykilorði.

Þetta lykilorð hefur nú

Öskudagur í Áslandi

Dagskrá öskudagsins hefur verið send heim með nemendum.

Yngri deild

Nemendur í yngri deild mæta í heimastofu kl. 11:00 og fönndra þar til 12:00 er skemmtun hefst á sal. Dagskrá lýkur kl. 13:00 hjá þessum árgöngum.

Miðdeild

Nemendur í miðdeild mæta í heimastofu kl. 11:00 og halda fljótlega til skemmtunar á sal skólans. Upp úr 12 verður ratleikur og loks grímugerð. Dagskrá lýkur kl. 13:00 hjá þessum aldurshópi.

Unglingadeild

Nemendur í unglingadeild mæta í heimastofu kl. 10:00 þar sem félagsvist er á dagskránni til kl. 12:00 en þá lýkur dagskrá hjá þessum aldurshópi.

Heilsdagsskóli

Heilsdagsskólinn er opin frá kl. 8:00 þennan dag. Ganga þarf frá pöntun og greiðslu fyrir hádegi mánudaginn 23. febrúar, hyggist forráðamenn nýta sér þá þjónustu.

Gaman væri að sjá sem flesta í hinum ýmsu furðubúningum þennan dag. Nammið geymum við heima á meðan.



Á leið heim úr skóla hringtorg

Skólanum hafa borist ábendingar um að hópur nemenda fari ekki skynsömustu leiðina heim úr skólanum. Sérstaklega á þetta við þegar snjór liggur yfir öllu. Þegar slíkar aðstæður eru fyrir hendi þá gerir hópur nemenda sér það að leik að ganga "yfir" hringtorgið fyrir framan skólann og renna sér þar niður.



Geimálfurinn frá Varslys

Á dögnum komu góðir gestir frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg í heimsókn í skólann.

Hittu þau fyrir nemendur í Hnjúkaheimum og Tindaheimum á sal skólans. Þar fengu nemendur afhent námsefni í Lifsleikni sem nefnist **Geimálfurinn frá**

Varslys.

Geimálfur frá plánetunni Varslys brotlenti á Jörðinni fyrir nokkrum mánuðum. Á Íslandi kynntist hann menningarheimi sem var mjög ólíkur hans eigin. Geimálfurinn er forvitinn og var því alltaf koma sér í ýmsar hættur meðan á dvöl hans stóð. Í skýrslum sem

hann tók saman fyrir Stjórnaráð sitt er hægt að lesa um þetta ævintýranlega ferðalag, brotlendingu, björgun og hvernig hann komst aftur heim. Námsefni þetta er glæsilega útbúið og á án efa eftir að nýtast nemendum í framtíðinni. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á



Meira um könnun á líðan nemenda

Eins og greint var frá í síðasta tölublaði Flórigoðans var nýverið lögð fyrir könnun um líðan nemenda í skólanum.

Unnið hefur verið úr svörum nemenda. Nemendaverndarráð í samvinnu við umsjónarkennara hafa þegar hafið aðgerðir í sínum bekkjum þar sem þeirra var þörf og vinnu með einstaklingum og forráðamönnum þeirra.

Það sem var þó áberandi var að stríðni hefur minnkað töluvert í skólanum og greinilegt að sú mikla vinna sem lögð hefur verið í nemendavernd er að skila sér.

Eins og kunnugt er var lögð ein könnun fyrir nemendur í 1.-3. bekk og aðeins stærri könnun fyrir nemendur í 4.-9. bekk skólans.

Helstu niðurstöður í yngri deild.

Hvernig líður þér í frímínútum?

Vel	Allt í lagi	Ill
62%	32%	6%

Hvernig líður þér í kennslustundum?

Vel	Allt í lagi	Ill
68%	26,5%	5,5%

Hvernig líður þér í búningaklefanum í sundi, íþróttum, sturtuklefa?

Vel	Allt í lagi	Ill
54%	38%	8%

Hvernig líður þér á leiðinni heim úr skólanum?

Vel	Allt í lagi	Ill
74%	20%	6%

Hvernig líður þér heima?

Vel	Allt í lagi	Ill
83%	17%	0%

Hvernig leið þér þegar þú gerðir þessa könnun?

Vel	Allt í lagi	Ill
73,5%	18%	9%

Helstu niðurstöður úr miðdeild.

Mér finnst gaman í skólanum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
12%	40%	46%	2%

Ég kviði því að fara í skólann

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
4%	2%	28%	67%

Ég kviði fyrir frímínútum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
3%	1%	21%	75%

Mér er strítt í skólanum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
2%	4%	39%	55%

Mér finnst rétt að láta einhvern vita ef einhverjum er strítt

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
62%	22%	14%	2%

Það er góður vinnufriður í bekknum mínum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
5%	28%	60%	7%

Sumir nemendur trufla kennslustundir mikið

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
14%	42%	43%	1%

Mér finnst rétt að hlýða kennaranum mínum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
81%	10%	9%	0%

Helstu niðurstöður úr unglingsdeild.

Mér finnst gaman í skólanum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
2,5%	50%	42,5%	5%

Ég kviði því að fara í skólann

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
2,5%	2,5%	7,5%	87,5%

Ég kviði fyrir frímínútum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
2,5%	0%	2,5%	95%

Mér er strítt í skólanum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
0%	0%	17,5%	82,5%

Mér finnst rétt að láta einhvern vita ef einhverjum er strítt

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
35%	35%	17,5%	12,5%

Það er góður vinnufriður í bekknum mínum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
2,5%	17,5%	67,5%	7,5%

Sumir nemendur trufla kennslustundir mikið

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
25%	55%	20%	0%

Mér finnst rétt að hlýða kennaranum mínum

Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
70%	25%	5%	0%

Umhugsunarefni

Það er mjög jákvætt hversu mikið stríðni er á undanhaldi í skólanum okkar og er það vel.

Svörum nemenda um vinnufrið í bekk er hins vegar áhyggjuefni. Vinnufriður á að vera sjálfsgat atriði í bekkjarumhverfi. Það sjá nemendur sjálfir um að skapa og þegar borin eru saman svör varðandi vinnufrið og truflun í kennslustundum er ljóst að margir þeirra sem æskja vinnufriðar eru sjálfir að raska vinnufriði. Slíkt á að vera auðvelt að laga og ljóst er að allir í skólaumhverfinu þurfa að taka sig saman hvað þetta varðar. Sjálfsgati, þolinmæði og virðing spila þar stórt hlutverk.

Mikilvægt er að forráðamenn ræði þessar niðurstöður við nemendur og fari yfir meðfylgjandi tölur til nánari skýringa. Við setjum markið hátt og eigum aldrei að sætta okkur við að einhverjum líði illa. Sambærileg könnun verður gerð síðar á skólaárinu og þá fæst samanburður sem er skólanum mikilvægur til að sjá hvernig miðar.

Þess ber einnig að geta að skólinn hefur fest kaup á matsforriti er kallast Skólárýnir og verður það tekið í notkun með vorinu. Sérstakt matsteymi undir forystu Unnar Elfu, aðstoðarskólalæra, heldur utan um þá vinnu.

Fræðslukvöld , netfang og

Veistu hvað barnið þitt er að gera á netinu?

Fræðslufundur um örugga netnotkun barna

Áslandsskóla
Þriðjudaginn 24. febrúar kl. 19:30

Fræðslufundur um örugga netnotkun barna verður haldinn í Áslandsskóla þriðjudaginn 24. febrúar kl.19:30. Á fundinum kynnr **Sigurþór Gunnlaugsson**, verkefnisstjóri SAFT verkefnisins, niðurstöður SAFT könnunar um netnotkun barna og þekkingu og viðhorf foreldra til netnotkunar barna sinna. Nemendur úr Hagaskóla, þær **Andrea Karlsdóttir, Ásgerður Snævarr og Dóra Sif Ingadóttir** munu einnig kynna niðurstöður könnunar sem þær gerðu meðal skólafélaga um meiðyrði á spjallrásum og **Jón Páll Hallgrímsson** ráðgjafi hjá Regnbogabörnum mun ræða áhrif meiðyrða á börn.

Fundurinn er ætlaður foreldrum, börnum í unglingsáldri, kennurum og öðru áhugafólki um uppeldi og málefni fjölskyldunnar. Heitt verður á könnunni.

Nánari upplýsingar um SAFT verkefnið er að finna á www.saft.is



Foreldrar – verum í sambandi!

Foreldrafélag og foreldraráð Áslandsskóla eru komin með eigið vefsvæði á heimasíðu Áslandsskóla undir **Foreldrar**. Þar verður að finna upplýsingar um lög og starfsreglur foreldrafélagsins og foreldraráðsins ásamt fundargerðum og fréttum af starfinu. Foreldrar eru eindregið hvattir til að fara inn á svæðið og afla sér upplýsinga um það sem er í gangi hverju sinni.

Foreldrar eru einnig komnir með sitt eigið netfang foreldra@ismennt.is þannig að nú er ekkert því til fyrirstöðu að senda formanni foreldrafélagsins eða formanni foreldraráðsins ábendingar um það sem betur mætti fara, tillögur að efni fræðslufunda eða erindi sem foreldrar vilja að foreldraráðið komi á framfæri við skólastjórnendur. Ekki má síðan gleyma því jákvæða sem í gangi er í skólanum.

Skólafatnaður – í Áslandsskóla spilum við öll í sama liði

Eins og áður hefur komið fram er þó nokkuð farið að bera á því að nemendur mæti ekki í skólafatnaði í skólann. Foreldrum ætti að þykja það mjög miður bæði vegna þess að það voru foreldrar sem hvöttu skólastjórnendur eindregið til þess að taka upp skólafatnað á sínum tíma og vegna þeirrar fjárfestingar sem foreldrar hafa nú þegar lagt í við kaup á fatnaðinum.

Skólafatnaður er jákvæð viðbót og hluti af skólabragnum í Áslandsskóla rétt eins og dygðakennsla og því mikilvægt að heimili og skóli tryggji í sameiningu að allir nemendur skólans noti skólafatnað. Eignum samtali við börnin okkar og hvetjum þau til að spila áfram í sama liðinu!

Kríúási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is



Flórgoðinn
FRÉTTABLAÐ ÁSLANDSSKÓLA

ÁBYRGÐ, HÖNNUN, UMBROT OG SKRIF:
LEIFUR S. GARÐARSSON, SKÓLASTJÓRI